



Skagabraut 100 250 Garði S. 4227220 fax 4227220 GSM.8942135  
Netfang [gardskagi@simnet.is](mailto:gardskagi@simnet.is) Heimasíða: [www.sv-gardur.is](http://www.sv-gardur.is)

**Tillaga til þingsályktunar um skipafriðunarsjóð.  
Pskj. 256 - 236. mál.**

Vegna bréfs sem Byggðasafn Garðskaga fékk sent fyrr í þessum mánuði frá Menntamálanefnd Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn safnsins um tillögu til þingsályktunar um skipafriðunarsjóð.

Undirritaður fyrir hönd Byggðasafns Garðskaga tekur heilshuga undir það að stofnaður verði skipafriðunarsjóður, þó fyrr hefði verið.

Greinargerð sem fylgir tillögunni er mjög góð, og vil ég sérstaklega taka undir það sem stendur í síðustu málsgreininni, *málið þolir enga bið.*

Garðskaga 25. mars 2008

F.h. Byggðasafns Garðskaga

Ásgeir M. Hjálmarsson forstöðumaður.